

Nd.

293. Frumvarp til laga

[177. mál]

um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem hafi það að markmiði að kanna hagkvæmni og aðstæður til að koma á fót og reka verksmiðju til að framleiða fiskkassa, flutningspalla og aðrar sambærilegar vörur úr plasti og stuðla að því, að slíkt fyrirtæki verði stofnað.

2. gr.

Til aðildar að stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, innlenda, sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara kosnum af hluthöfum.

Leggi ríkissjóður fram hlutafé í félagið, sem nemur fjórðungi til helmingss þess, skipar ráðherra einn mann í stjórn og leggi ríkissjóður fram meira en heim-ing hlutafjár skipar ráðherra tvo menn í stjórn. Á sama hátt fer um varamenn.

4. gr.

Hlutafélagið skal taka við þeim athugunum, sem iðnaðarráðuneytið hefur látið gera um hagkvæmni í notkun fiskkassa og á starfsgrundvelli verksmiðju til framleiðslu á fiskkössum og halda þeirri athugun áfram. Verði niðurstaða þessara athugana jákvæð, er félaginu heimilt að gera hvers konar ráðstafanir til undirbúnings því að hefjast megi handa um byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Stefnt skal að því að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur þeim aðila eða aðilum, sem takast verkefnið á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgreiddan.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan, að leggja fram 10 millj. kr. sem hlutafé í félagi skv. 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.

6. gr.

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs skv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélags skv. 1. gr., án tillits til ákvæða 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum sömu málsgreinar. Sama máli gegnir um fjölda hluthafa þess sbr. 38. gr. hlutafélagalaganna.

Stjórnendur þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. töluliðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

7. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi skv. 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi,

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umræður um notkun fiskkassa og notagildi hafa átt sér stað hér á landi nokkur undanfarin ár. Umræður og athuganir hafa m. a. snúist um hvort fiskur geymist betur í kössum eða stíum, hvort nota ætti stóra (500 lítra) eða litla (90 lítra) kassa og hvort fisklestar framtiðarinnar verði búnaðar tönkum. Rætt hefur verið um stöðlun fiskkassa til þess að tryggja útskiptanleika, hvort kassar ættu að vera samstaflanlegir, um innlenda framleiðslu á kössum, um innflutning á kössum og um hugsanlega eignaraðild á þeim. Þá hefur verðmunur á stífisk og kassafiski verið til umræðu.

Á nokkrum síðastliðnum árum hefur orðið hröð þróun á þessu sviði. Innflutningur kassa er hafinn í stórum stíl og hafa nú verið fluttir inn 150 000 fiskkassar á rúmu ári, og þar sem hver kassi kostar um 1000 kr. er um mikla fjárfestingu að ræða.

Ýmis sérsjónarmið hlióta að hafa áhrif á þá tegund fiskkassa, er henta best okkar veiðiskipum og veiðiaðferðum og orkar tvímælis hvort kassar hannaðir fyrir aðrar veiðiaðferðir og aðstæður henta íslenskum sjávarútvegi. Rétt er einnig að hafa í huga, að atvinnuvegir þjóðarinnar hljóta að verða að starfa saman að lausn hinn einstöku verkefna ef stuðla á að almennri hagsæld í landinu. Heimamarkaður íslenskra iðnaðarvára er yfirleitt lítill nema unnt sé að finna vörur, er hæfa t. d. sjávarútvegi eða byggingariðnaðinum.

Stjórnvöldum var ljóst, að yrði um almenna notkun fiskkassa að ræða í landinu, sköpuðust möguleikar fyrir innlendan iðnað er sjálfsagt væri að kanna sérstaklega.

Hinn 30. nóvember 1972 skipaði iðnaðarráðherra, Magnús Kjartansson, nefnd til þess:

1. Að kanna hugsanlega þörf útgerðarinnar fyrir fiskkassa.
2. Að gera frumathugun á því hvort hagkvæmt geti talist að hefja hér á landi framleiðslu á fiskkössum.
3. Að gera áætlun um hvernig best verði staðið að framkvæmd þessa máls.


Í nefndina voru skipaðir:

Hörður Jónsson, verkfræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Arnmundur Backman, lögfræðingur, Berður Sigurbjörnsson, viðskiptafræðingur, Hjalti Einarsson, verkfræðingur, Þórleifur Jónsson, viðskiptafræðingur.


Nefndin hefur kannað flestar hliðar þessa verkefnis og koma niðurstöður nefndarinnar fram í áfangaskýrslu, dags. í apríl 1973. Nefndin telur, að um stóran markað geti verið að ræða og að samkeppnishæfni íslensks fiskkassafyrirtækis ætti að vera mjög góð. Nefndin telur einnig, að rétt sé að halda áfram með þetta verkefni og undirbúa stofnun íslensks fiskkassafyrirtækis. Bent er á hin nánú tengsl flestra Íslendinga við fiskveiðar, og að innlent fiskkassafyrirtæki, í samvinnu við sjávarútveginn, muni fremur en erlend fyrirtæki, er hingað selja kassa, stuðla að aukinni hagræðingu í sjávarútvegi og bættri meðhöndlun á fiski hér á landi.

Meðfylgjandi myndir (1 og 2) sýna í grófum dráttum hugmyndir um löndun og fyrirkomulag við kassanotkun. Fyrri myndin sýnir fyrirkomulag við kassanotkun um borð í veiðiskipi, annarsvegar með notkun palla og hins vegar án pallanotkunar. Hin síðari sýnir verkanganginn frá skipshlið inn í fiskmóttöku og aftur að skipshlið, bæði fyrir löndunarkassa og fiskkassa.



I. Á pöllum, millidekk



II. Raðað í lest.



Mynd 1



Mynd 2

Ljóst er, að þörf er átaks í hagræðingarmálum, og vafasamt er, að erlendar þjóðir rétti okkur þær aðferðir við fiskvinnslu, sem hér henta best. Einnig er rétt að undirstrika, að líklegt má telja, að án hagræðingarátaks muni væntanlegt fiskkassa-framleiðslufyrirtæki eiga erfitt uppdráttar vegna þess, að skipuleggja þarf notkun fiskkassanna samhliða framleiðslu þeirra. Þá má og nefna, að stærð og gerð þeirra fiskkassa, sem fram eru boðnir nú, henta ekki nema að takmörkuðu leyti íslenskum sjávarútvegi.

Flestir þeir, er rætt hafa þessi mál, eru á einu máli um, að verði 90 lítra kassar notaðir hér á landi, muni það í byrjun fyrst og fremst vera í tengslum við togveiðar — togara og togbáta. Hvort fiskkassar verða teknir upp á línu- og netaveiðum í fyrirsjáanlegri framtíð, veltur sennilega á því hvernig til tekst hjá togurum og togbátum og því hvernig tekst að leysa ýmis hagræðingaratriði við notkun kassa.

Ýmsar leiðir má fara til þess að áætla heildarþörf útgerðar fyrir fiskkassa. Fiskkassanefnd áttlar þennan markað riflega 500.000 kassa. Eðlilegt virðist að reikna með 15—20% endurnýjunarþörf.

Mynd 3 sýnir framleiðslurás fyrirtækis sem framleiðir plastkassa. Framleiðslurásin er í fáum orðum þannig:

Hráefnið, sem er smákornótt, er innflutt. Kornunum er blásið í geymi, en þaðan rennur efnið í plaststeypuvél, þar sem stimpill flytur það bráðnað að sprautuhaus, er þrýstir því í mót. Færiband flytur kassana frá vélinni, gengið er frá þeim og þeir síðan fluttir í geymslu.

Heildarstofnkostnaður er áætlaður 85 millj. miðað við framleiðslu 160.000 kassa á ári. Fastur kostnaður er áætlaður um 30 millj., en breytilegur kostnaður 75 millj. Bráðabirgðaathugun bendir til þess, að framleiðsla fiskkassa og/eða annarrar hliðstæðrar framleiðslu eins og d. d. flutningspalla gæti verið arðbært fyrirtæki.

Fleiri hluti er unnt að framleiða með þeim vélakosti, er hér um ræðir, t. d. línubala, kassa og kyrnur ýmiss konar, byggingareiningar s.s. ljósabúnað o. fl.

Hugleiða má eignaraðild að fiskkassafyrirtæki. Sameignarfyrirtæki ríkisins, sjávarútvegsins og starfandi plastiðnaðarfyrirtækis hafa ýmsa kosti. Þekking sjávarútvegsins hefði þá bein áhrif á framleiðsluvöruna og þekking plastframleiðandans kæmi sjávarútveginum til góða.

Í skýrslu Fiskkassanefndar er bent á, að Plastiðjan Bjarg á Akureyri hefur framleitt fiskkassa í tilraunaskyni um nokkurt skeið. Nefndin mælir með eignaraðild Bjargs að fiskkassaframleiðslufyrirtæki og bendir á nokkur atriði því til stuðnings:


1. Þekking á plastiðnaði og reynsla í meðferð hliðstæðra véla.
2. Þekking á umræddum markaði, en Bjarg hefur þegar gert nokkrar tilraunir með fiskkassa.
3. Undirbúningur er hafinn hjá Bjargi á stækkun núverandi framleiðsluhúsnæðis og fjármögnun tryggð fyrir þeirri framkvæmd með tiltölulega ódýrum lánum.
4. Geymsluhús munu vera fyrir hendi nærri Akureyri t. d. mjöhlúsin á Krossanesi.
5. Sami framkvæmdastjóri mundi verða fyrir öllum rekstri Bjargs.
6. Skrifstofukostnaður og almennur rekstrarkostnaður yrði lægri.

Fleiri atriði mætti eflaust telja, en þyngst á metaskálunum er eflaust þekkingin á vinnslu plastefna og markaðsþekkingin, sem til staðar er hjá umræddu fyrirtæki. Forráðamenn Bjargs hafa lýst áhuga sínum á samvinnu.

Undirbúningsfélagi því, er frumvarp þetta fjallar um, er ætlað að sjá um undirbúning þessa máls í heild, þannig að unnt verði innan eðlilegra tímamarka að leggja fram endanlega hagkvæmnisáætlun um rekstur, og jafnframt tryggja eðlilega framvindu málsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Þar eð gert er ráð fyrir að undirbúningsfélag þetta verði með svipuðu sniði og undirbúningsfélög, sem áður hafa verið stofnuð, sbr. undirbúningsfélag olíu-hreinsunarstöðvar og undirbúningsfélag þörungavinnslu, er ástæðulaust að gera athugasemdir við hverja einstaka grein frumvarpsins.



Mynd 3